

FÍM ELUR GESTI

Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna er vist löngu hætt að vera sá barómeter á stöðu íslenskrar myndlistar sem hún óneitanlega var fyrir rúmum áratug. Stór hluti yngri myndlistarmanna heldur sig utan félagsins af hugsjóna-ástandum og mikilvægur kjarni eldri listamanna hefur með sersýningum dregið sig út úr því af ástæðum, sem þeir einir eru til frásagnar um. Svo keppast enn aðrir við að halda einka-sýningar og eru því tæpast af-lögufærir þegar liða tekur á haustið.

Afleiðingu þessarar þróunar hefur mátt líta á síðustu Haustsýningum, þar sem félagsmenn hafa verið í miklu minnihluta, en utanfélagsmenn ekki megnað að lyfta sýningunum upp úr meðalmennsku. Nú getur það vel verið að utan FÍM séu allt að því eins góðir listamenn og innan þess. En meðan gott fólk skilar sér ekki hlýtur félagið að þurfa á öllum sínum kanónum að halda, þetta eina skipti á árinu, svo almenningur dæmi samtökin ekki dauð og ómerk.

Tölur og gæði

Með einhverjum hætti hlýtur að vera hægt að gefa Haustsýningum sitt gamla gildi í listalífi landsins. Þótt tölur segi ekki allt, þá er samt fróðlegt að bera saman fjölda þátt-

takenda frá ári til árs. Í fyrra voru þeir 45 talsins og verkin 133, þar af voru ca. 19 félagsmenn. Í ár eru þátt-takendur aðeins 33 og verkin 115 talsins, sum þeirra að visu í mörgum hlutum. Félagsmenn eru 13 að tölu. Hér hefur átt sér stað talsverð rýrnun, ekki bara milli ára, heldur áratuginn allan, ef skoðaðar eru eldri sýningarskrár.


En fjöldi þátttakenda tryggir ekki gæði, — sem betur fer. Það kemur einnig í ljós er Haustsýningin 1979 er borin saman við núverandi sýningu. Í fyrra virtist hreint upplausnarástand ríkja í vestursal Kjarvalsstaða og góð ráð drukkuðu í misgöðum. Nokkur örvænting gagnatök þá okkur sem ritum um myndlist. Sjálfur held ég mig hafa grátbeðið félagið um að breyta til.

Góðir gestir


Hvort sem það var fyrir minar fortölur eða annarra, þá hefur sam-setningu Haustsýningar verið breytt á þann veg að 5 listamönnum er sér-staklega boðið að sýna nokkur verk og gerir félagið vel við þá í sýningar-skrá, gefur sömuleiðis út vönduð póstkort af verkum þeirra. Þessi kjarni valinkunnra myndlistarmanna er sú sprauta, sem Haustsýningin þarf, auk þess sem sýningarnefnd

hefur tekist að raða góðri myndlist í kringum þennan kjarna. Að visu er fátt stórbrotið eða mikilvægt að finna á sýningunni en fullt er þar af gömlum kunningjum, smágerðum og innilegum, og það loftar vel á milli þeirra.


Allir boðsgestirnir njóta sín ágæt-lega á sýningunni, en þó finnst mér þeir Guðmundur Benediktsson og Leifur Breiðfjörð standa í sérstökum blóma. Eirskúlpturnar Guðmundar, svo finlega samsettir sem þeir eru, ólga af næstum frumstæðum krafti, slá um sig hvar sem þeir eru staðsettir. Það virðast hins vegar engin takmörk fyrir því hvað Leifur getur gert við gler og blýfalsa og nú er hann kominn langt út fyrir glugga eða



Leifur Breiðfjörð — Valdatafl, gler & mürsteinn, 1980.



Sigurður Örlýgsson — Málverk, akrýl, 1980. (DB-myndir Einar).



Eirskúlpturnar eftir Guðmund Benediktsson.

panelverk, upp í loft, út um gólf og allar trissur.

Hátíð fyrir augað

Eina grun Leifs og sérstaða hans hér á landi hefur ekki valdið stöðnun heldur þvert á móti leyst úr læðingi ótal hugmyndir, sem hann er nú að vinna úr. Bravó Capó. . . Asgerður Búadóttir fer ekki út í nýja sálma á þessari sýningu, en það er ávallt mikil hátíð fyrir augað að sjá mörg verk hennar samankomin. Stærsta verk hennar hér og jafnframt eitt það nýjasta, „Sjö lífsfletir“, er áhrifa-mikið verk. Þóður Hall bætir heldur ekki ýkja miklu við sig, nema hvað ný viðhorf er að finna í teikningum eftir hann. Saldþrykk hans eru glæsilega unnin, en þó er eins og mér finnst mannveran vera að vikja fyrir hárfinum leik með línu og liti og þar með vikur einnig innileiki sem setti

sterkan svip á fyrri sáldþrykk Þóðar.

Valtýr Pétursson kemur stórum betur út á þessum vettvangi en á Septem sýningu, en þó eru þessar hlutlægu myndir hans langt frá því að vera sannfærandi fyrir þyrnkings-lega litanotkun og veika teikningu.

Hálfsjötug sýnir (fyrsta sinn)

En þar sem honum tekst best til, t.a.m. í Þorpi (1978), er hann kominn inn á yfirráðasvæði „kreppu-málaranna“ íslensku og fer tæpast vel út úr þeim samanburði. Þegar litið er yfir aðra þátttakendur er fátt sem kemur beinlínis á óvart. Þó vil ég geta sérstaklega um framlag Valgerðar Briem, kennara og leiðsögumanns ótal myndlistarmanna íslenskra, en hálfsjötug sýnir hún nú verk sín í fyrsta sinn. Þau eru tilbrigði um andlit, gerð með olíukrit,

viðarkolum og vatnslitum og gerð af slíku fjöri og hugarorku að unun er að sjá.

Aðrir listamenn yrkja sinn garð, Ágúst Petersen til dæmis, sem gerir magnaðar mannamyndir að venju. Það er einnig gaman að sjá hve faglega Bragi Hannesson vinnur með olíulitum í þetta sinn. Einar Þorláksson virðist hafa söðlað um, yfir í landslagsstemningar, og þótt hið sérkennilega litaval hans bregðist ekki, er ég ekki alveg sáttur við þessi verk. Sólid verk eru þarna eftir Gunnar Örn og Guðberg Auðunsson og Guðmundur Björgvinsson virðist standa á krossgötum með myndir sínar, mitt á milli raunsæis og óhlut-lægis.

En mestu skiptir kannski að á þessari Haustsýningu er stigið fyrsta skrefið í átt til grundvallarbreytinga á sýningarforminu. Megi sú þróun halda áfram og þá fara þúsund blóm eflaust að blómstra.

-AÍ.



Valgerður Briem — Andlit, 1967.

TANNLÆKNIR

Hefi opnað tannlækningastofu að Grensásvegi 48.

Viðtaltími 13.30—17.00.

Trausti Sigurðsson,
tannlæknir — Sími 31966.

HEFI OPNAÐ

bókhaldsskrifstofu að Suðurlandsbraut 12.

Annast: Bókhaldsþjónustu
Uppgjörþjónustu
Skattframtöl
Fasteignasölu
Lögfræðinnheimtur

Bókhaldsþjónusta
Kristjáns G. Þorvaldz
Suðurlandsbraut 12 — Sími 82121.